

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingarleyfisgjald og þjónustugjöld í Húsavíkurbæ.

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Húsavíkurbæ, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum skal greiða eftirtalin gjöld til sveitarfélagsins:

A. *Gatnagerðargjald*, þó einungis ef um er að ræða lóð/byggingar í skipulögðu þéttbýli og/eða innan þéttbýlismarka skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og er að auki aðliggjandi götu, vegi eða stíg sem er í eigu sveitarfélagsins. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

B. *Stofngjald holræsa* (skv. lögum nr. 15/1923).

C. *Byggingarleyfisgjald* (skv. lögum nr. 73/1997).

D. *Afgreiðslu og þjónustugjöld*.

2. gr.

Tekjum sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda skal varið til gatnagerðar til að gera sveitarfélaginu kleift að bjóða byggingarhæfar leigulóðir í sveitarfélaginu. Einnig til að standa undir kostnaði við endurbyggingu gatna með tilheyrandi lögnum, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skal varið til holræsaframtækna.

Byggingarleyfisgjald er til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

Afgreiðslu- og þjónustugjöldum er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélagsins við að veita þjónustu skv. 6. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari taka breytingum mánaðarlega skv. breytingu á byggingarvísitölu. Grunnvísitala miðast við janúar 2006, 316,7 stig.

3. gr.

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna lóða sem ekki hefur verið veitt byggingarleyfi á áður við gildistöku þessarar samþykktar, þ.e. nýjar lóðir, og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnaði, á þegar byggðum lóðum við gildistöku samþykktarinnar. Gjaldskráin gildir jafnt fyrir leigulóðir og eignarlóðir.

a) Gatnagerðargjald vegna lóða sem úthlutað er eftir að samþykkt þessi var gerð.

3.1. Gjald á m² lóðar er kr. 2.000 fyrir einbýlishús, tvíbýlishús, parhús, verslunar- og skrifstofuhús.

3.2. Gjald á m² lóðar er kr. 1.800 fyrir raðhús (>2 íbúðir) og fjölbýlishús (>2 íbúðir).

3.3. Gjald á m² lóðar er kr. 1.300 fyrir iðnaðarhús, vöruheymslur og gripahús.

Bæjarstjórn er heimilt í sérstökum tilvikum að hækka eða lækka gatnagerðargjald á einstökum lóðum eða svæðum um allt að 25%. Ekki er greitt frekara gatnagerðargjald vegna lóða sem úthlutað er eftir 1. febrúar 2006 þó byggt sé við.

b) Gatnagerðargjald vegna lóða sem úthlutað var fyrir gerð samþykktar þessarar:

Samþykkt um gatnagerðargjöld frá 21. maí 1997 gildir áfram um lóðir sem úthlutað var fyrir gerð samþykktar þessarar. Þó skal ekki innheimta gatnagerðargjöld af viðbyggingum minni en 12 m² eða sjálfstæðum garðhúsum innan lóða minni en 12 m².

4. gr.

Stofngjald holræsa fyrir einbýlishúsaloð er kr. 100.000. Fyrir aðrar lóðir greiðist kr. 150.000 á hverja tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins.

5. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem byggingarfulltrúi / skipulags- og byggingarnefnd samþykkir.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er ein yfirferð aðaluppdráttar, byggingarleyfi, útmæling fyrir greftri, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

Fyrir byggingarleyfi nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóða og samþykki fyrir breyttri notkun greiðist fast gjald kr 24.000. Að auki greiðist fyrir hvern fermetra nýbygginga og viðbygginga skv. eftirfarandi:

Íbúðarhúsnæði, bílskúrar, hótél, verslanir, skrifstofur	kr. 220 per m ²
Iðnaðarhús, verkstæði, virkjanir	kr. 180 per m ²
Gripahús, hlöður, vélageymslur, tankar, ker, þrær o.s.frv.	kr. 140 per m ²
Fristundahús, veiðihús, fjallaskálar o.s.frv.	kr. 400 per m ²

6. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi. Upphæðir afgreiðslu- og þjónustugjalda breytast mánaðarlega í samræmi við byggingarvísitölu sbr. 5. mgr. 2. gr.

	kr.
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	12.000
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	12.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	12.000
Vottorð vegna vinnveitingaleyfa	12.000
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	12.000
Fyrir minniháttar grenndarkynningu	12.000
Fyrir umfangsmikla grenndarkynningu	24.000
Gjald fyrir lóðarúthlutun	24.000
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	12.000
Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	12.000
Húsaleiguúttektir	12.000
Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu	12.000
Stöðuleyfi	12.000
Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss; pr. mælingu	12.000

Fyrir gerð nýs deiliskipulags eða vegna breytinga á þegar samþykktu aðal- og/eða deiliskipulagi gildir eftirfarandi: Viðkomandi hagsmunaraðili ber allan kostnað af breytingunum, þó að undanskildum auglýsingakostnaði.

Ljósritun: A4: 100 kr. á blað, A3: 200 kr. á blað.

7. gr.

Gatnagerðargjöld (skv. 3. gr.), tengigjöld fráveitu (skv. 4. gr.) og byggingarleyfisgjöld (skv. 5. gr.) skal greiða innan mánaðar frá veitingu byggingarleyfis í bæjarstjórn, ella öðlast leyfi ekki gildi. Þegar byggt er við götu sem ekki hefur verið bundin varanlegu slitlagi greiðist helmingur gatnagerðargjalds við veitingu byggingarleyfis og helmingur þegar gata hefur verið slitlögð.

Heimilt er að semja um greiðslufrest og skal það gert skv. sérstökum greiðslusamningi.

Þjónustugjöld skv. 6. gr. skal greiða innan mánaðar frá því að þjónustan var veitt. Hafi lóðarúthlutunargjald ekki verið greitt innan mánaðar frá úthlutun lóðar tekur úthlutunin ekki gildi.

8. gr.

Gjöld samkvæmt 3., 4. og 5. gr. samþykktar þessarar skulu endurgreidd ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð. Endurgreiðslunni er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju, þó ekki lengur en í sex mánuði. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnverði án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógildar á sannanlegan hátt. Ekki koma til bætur vegna hugsanlegra framkvæmda á lóðinni.

Þjónustugjöld samkvæmt 6. gr. eru óendurkræf.

9. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar skv. lögum nr. 17/1996 og gildandi reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996. Samþykktin öðlast gildi þegar í stað.

Bráðabirgðaákvæði.

Ef húseigandi hefur skv. eldri samþykkt um gatnagerðargjöld greitt A-gatnagerðargjald á fullbyggðri lóð og B-gjald hefur ekki enn verið lagt á af hálfu sveitarfélagsins skal það lagt á þegar slitlag hefur verið sett á viðkomandi götu og gatnagerðargjald skv. eldri samþykktum lagt á viðkomandi húseign.

Samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar 21. febrúar 2005.

Húsavík, 23. febrúar 2006.

Reinhard Reynisson bæjarstjóri.